# SUMARIÐ 2020

## Vinnumarkaðsaðgerðir og efling félagsstarfs fullorðinna

Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri velferðarsviðs

# FORSAGA

- Viðamikil söfnun hugmynda um verkefni meðal stjórnenda og starfsfólks
- Verkefnin voru hugsuð fyrir hópa sem höfðu átt undir högg að sækja vegna Covid-19:
  - **Viðkvæmir hópar:** Fatlað fólk, eldri borgarar, öryrkjar, fólk með geðrænan vanda, börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður, erlendir íbúar sem hafa ekki aðgang að upplýsingum og stuðningsneti, konur í ofbeldissamböndum.
  - **Fólk sem á ekki rétt á fjárhagsaðstoð**: Atvinnurekendur nýbyrjaðir í rekstri, verktakar, framhaldsskólanemar, háskólanemar og kennitölulausir EES borgarar óskráðir inn í landið eða með kennitölu án vinnu.
  - **Hópar sem eiga rétt á fjárhagsaðstoð**: Einstaklingar án bótaréttar, sjúklingar, foreldrar að ljúka fæðingarorlofi sem fá ekki vinnu, háskólanemar sem hafa flosnað upp úr námi, atvinnurekendur sem hafa hætt rekstri, verktakar sem hafa lokað vsk.
- Tillögur og hugmyndir sendar til forsætisráðuneytis í apríl 2020

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# MARKMIÐ

**Verkefnunum var ætlað að:**

- Stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum fyrir t.d. námsmenn og einyrkja/listafólk sem hefur misst lífsviðurværi sitt vegna Covid-19
- Vera í anda félagslegrar nýsköpunar (social innovation)
- Taka mið af því að létta álagi af t.d. forstöðumönnum og starfsfólki hjúkrunarheimila og í íbúðakjörnum fyrir fatlaða en þessir starfshópar höfðu unnið undir gríðarlegu álagi vegna Covid-19
- Auka lífsgæði hópa sem höfðu verið í mikilli einangrun vegna Covid 19

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# HUGMYNDIR SEM KOMU FRAM

- Að efla tæknilæsi eldri borgara
- Að auka lífsgæði og efla sköpunargleði eldri borgara
- Að auka lífsgæði og efla sköpunargleði fatlaðs fólks
- Sumarnámskeið/hópastarf fyrir fötluð börn
- Samfélagskynning fyrir nýja íbúa
- Að efla lýðheilsu og auka hreyfingu íbúa
- Garðyrkja og viðhaldsverkefni
- Listastarf; tónlist, leiklist, myndlist, ritlist o.fl.
- Ýmis viðbótarstöðugildi
- … og fjölmargt meira!

# VINNUMARKAÐSAÐGERÐIR SUMARIÐ 2020

- Samvinna við ríkið og Vinnumálastofnun
- Reykjavíkurborg fékk úthlutað 450 störfum
- Fyrir nemendur 18 ára og eldri
- 204 voru ráðnir í störf á velferðarsvið
  - 75% styrking / 25% félagsleg nýsköpun
- Styrking
  - Þjónusta við eldri borgara, fatlað fólk, heimilislausa og börn auk starfa á skrifstofu VEL og þjónustumiðstöðum
- Félagsleg nýsköpun
  - Tæknilæsi, leiklist, tónlist, menningarlæsi, hreyfiefling, rannsóknir og fl.

# VELKOMIN

Velkomin verkefnið var sérstaklega miðað að innflytjendum, flóttafólki og fólki af erlendum uppruna í borginni og hvernig við getum tekið vel á móti því og aðstoðað við að aðlagast íslensku samfélagi

**Helstu verkefni:**

- Einstaklingsviðtöl
- Viðburðir til að kynnast og greina nánar þarfir hópsins
- Útgáfa og uppfærsla kynningarbæklinga, myndbanda og stafrænna korta,
- Þýðingar efnis á fleiri tungumál



# TÆKNILÆSI FULLORÐINNA

Verkefnið snerist um að efla tæknilæsi fullorðins fólks, svo sem með því að aðstoða eldri borgara við að læra á fjölbreytt snjalltæki og nýta sér rafrænar lausnir.

**Helstu verkefni:**

- Námskeið haldin í félagsmiðstöðum borgarinnar
- 16 grunnnámskeið og 11 framhaldsnámskeið
- 140 manns sóttu námskeiðin
- Styrkur frá félags- og barnamálaráðuneytinu var nýttur til tækjakaupa og námskeiðahalds



# TÆKNILÆSI FULLORÐINNA





Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# GLEÐISMIÐJAN

Fimm fjölhæfir einstaklingar frömdu margskonar list og dreifðu gleði um alla borg

**Helstu verkefni:**

- Gleði og afþreying á listrænu formi
- Tónlistarflutningur
- Upplestur ljóða og sagna
- Myndlistar – og útivistarsmiðjur
- Náttúrubingó
- … og margt fleira

- 47 starfsstaðir heimsóttir



# GLEÐISMIÐJAN



# Besta afmælisgjöfin

- **Gleðismiðjan fer um borgina og skemmtir hinum ýmsu samfélagshópum**
- **Afmælisveisla í neyðarskýli reyndist vera skemmtilegasta heimsóknin**

Ragnheiður Birgisdóttir
ragnheidurb@mbl.is

Hópur ungra námsmanna hefur farið um borgina í sumar undir heitinu Gleðismiðjan og skemmt ýmsum samfélagshópum á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Þau hafa meðal annars heimsótt félagsheimili fyrir eldri borgara, íbúðakjarna og sambýli.

Þau eru fimm sem standa að Gleðismiðjunni: Hugrún Elfa Sigurðardóttir, Anna Róshildur Benediktsdóttir, Valbjörn Snær Lillendahl, Björk Ásgrímsdóttir og Valgerður Marija Purusic.

„Við erum með tónlist og alls konar listasmiðjur og útivist. Við erum til dæmis búin að vera mikið með svona náttúrubingó,“ segir Valgerður Marija. Í náttúrubingói eru spjöld sem eru eins og hefðbundin bingóspjöld nema í staðinn fyrir að þátttakendur safni tölum eiga þeir að finna fyrirbæri sem á vegi þeirra gætu orðið utandyra. Hlaupari, ský eða skilti af einhverju tagi eru meðal þess sem þátttakendur gætu átt að reyna að reka augun í. Gleðismiðjan leiðir ferðina um Elliðaárdalinn og endar ferðina oft hjá rafstöðinni eða Hinu húsinu og tekur þar lagið. „Það er rosa mikil stemning í kringum það,“ segir Valgerður.

## Alveg í skýjunum

Valgerður rifjar upp eftirminnilegt atvik sem stendur upp úr þetta sumarið í huga hópsins. Þá var Gleðismiðjan í heimsókn í neyðarskýli fyrir heimilislausa karlmenn. Hún segir hópinn ekki hafa búist við því að sú heimsókn yrði svona vel heppnuð og nefnir að nokkrir í hópnum hafi verið örlítið smeykir fyrir fram. „Það endaði á að vera bara besti staðurinn sem við heimsóttum.“

Þar var staddur maður sem kallaður er Gummi og reyndist eiga afmæli. „Það var afmæliskaka og tekið rosa vel á móti okkur. Hann er rosalega mikill KK-aðdáandi svo við tókum nokkur KK-lög fyrir hann, til



**Skemmtileg** Hópurinn Gleðismiðjan skemmtir með söng í félagsmiðstöð eldri borgara á Vesturgötu.



**Gleðismiðjan** Valbjörn, Björk, Hugrún Elfa, Anna Róshildur og Valgerður.

dæmis „Vegbúann“ , og hann fór að gráta. Honum fannst þetta svo fallegt og sagði að þetta hefði verið besta afmælisgjöf sem hann hefði fengið. Hann var alveg í skýjunum,“ segir Valgerður.

Gleðismiðjan hefur heimsótt neyðarskýlið aftur og var heimsóknin jafn vel heppnuð. „Við spiluðum til dæmis „Summer of '69“ og það var ótrúleg mikil stemning,“ segir Valgerður.

## Koma úr öllum áttum

Flestir í hópnum eru í listnámi af einhverju tagi eða stefna á það. Valbjörn er gítarleikari og er í námi við Konunglega tónlistarskólann í Den Haag. Anna Róshildur stundar nám á sviðshöfundabraut í Listaháskóla Íslands. Hugrún spilar á básúnu og þverflautu og er að klára Menntaskólann í tónlist. Björk hefur síðan nám við LHÍ í haust. Valgerður er hins vegar að læra íþróttafræði í Háskólanum í Reykjavík. „Ég sé um tölvupóst, bókanir og geri skemmtileg myndbönd, og síðan sé ég um náttúrubingóið og alla útivistina.“

Meðlimirnir fimm sóttu öll um starfið hvert í sínu lagi og síðan var þessi bráðskemmtilegi hópur myndaður. „Við komum úr öllum áttum og þekktumst ekkert fyrir. Svo kom reyndar í ljós að við Anna og Hugrún vorum allar í MH á sama tíma,“ segir Valgerður.

Gleðismiðjan hefur haft í nógu að snúast í sumar og dagskráin verið þétt. „Við aðlögum okkur að öllum hópum. Við höfum verið að fara virka daga, á kvöldin og um helgar.“

Valgerður segir mikla eftirspurn hafa verið eftir að fá hópinn í heimsókn „Við erum alveg búin að vera að taka nokkur gigg á dag. Gleðismiðjan er mjög vinsæl og það er rosalega skemmtilegt.“

# ALLIR HJÓLA

- Samstarfsverkefni félagasamtakanna „Allir hjóla“ og Sjálfsbjargar - landsambands hreyfihamlaðra
- Markmiðið að fólk geti hjólað óháð hreyfigetu eða jafnvægi

**Helstu verkefni:**

- Koma á fót vefsíðu og bókunarkerfi, markaðsetja verkefnið og koma því á framfæri. Útleiga, viðhald og kennsla á hjólin.
- Tugir tóku þátt í verkefninu, helmingur þeirra voru íbúar íbúðakjarna á velferðarsviði



# ALLIR HJÓLA






Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# DÚÓIÐ ÝR OG AGGA

Tvær ungar tónlistarkonur, flautuleikari og fiðluleikari

**Helstu verkefni:**

- Færa tónlist, menningu og gleði heim í stofu á íbúðakjörnum, þjónustuíbúðum, hjúkrunarheimilum ofl.
- 33 starfsstaðir heimsóttir og sumir oftar en einu sinni



# SVIÐSLISTAHÓPURINN STRENGUR

Fjórir nemar Listaháskóla Íslands

**Verkefni:**

- Sviðslistahópurinn Strengur skapaði og frumsamdi verkið „Endalausir þræðir“
- Aðsetur í félagsmiðstöðinni í Norðurbrún
- Markmiðið var að bæta menningarlíf eldri borgara
- Leiksýningin Endalausir þræðir var sýnt á 16 félagsmiðstöðvum
- 455 áhorfendur



# SVIÐSLISTAHÓPURINN STRENGUR





Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# KEÐJAN - SUMARNÁMSKEIÐ OG SMIÐJUR

**Sumarnámskeið í Völvufelli og sumarsmiðjur í unglingasmiðjunum Stíg og Tröð og Helgarsmiðjunni Gylfaflöt fyrir börn 13-16 ára**

- Ævintýrasmiðja í unglingasmiðjunni Tröð og Yoga- og útivistarsmiðja í unglingasmiðjunni Stíg (14 þátttakendur)
- Drekasmiðja – hlutverkaleikur í spilinu Dungeons & Dragons (5 þátttakendur)
- Listasmiðja - málverk, teikningar, skúlptúr og textíll (5 þátttakendur)
- Menningarsmiðja – skapandi skrif, heimsókn á bókasöfn, söfn o.fl. (12 þátttakendur)
- Helgarsmiðjan Gylfaflöt – útivist og hreyfing (6 þátttakendur)
- Sumarnámskeið í Keðjunni – virkninámskeið með áherslu á tómstundir, íþróttir og menningarferðir (70 þátttakendur)

# SUMARSTARFSFÓLK SUMARNÁMSKEIÐA KEÐJUNNAR



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# ÝMIS SÉRVERKEFNI

Nemar ráðnir í ýmis verkefni

**Verkefni:**

- Velferðartæknismiðjan
- Fjölskyldumiðstöðin Gerðubergi
- Rannsókn á áhrifum covid19 á starfsumhverfi
- Teymi um alþjóðlega vernd
- Kynningarefni um hverfi
- Gopro átak
- Endurhæfing eldri borgara
- Stuðningsþjónusta



# EFLING FÉLAGSSTARFS FULLORÐINNA

Samstarfsverkefni milli velferðarsviðs og Félags- og barnamálaráðuneytis

Markmiðið að auka lífsgæði og heilbrigði ásamt því að fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun

Reykjavíkurborg fékk styrk frá Félags- og barnamálaráðuneytinu til að efla félagsstarf fullorðinna sumarið 2020



# VERKEFNI Í FÉLAGSSTARFI SUMARIÐ 2020

- Dansleikfimi
  - Danstími við skemmtilega tónlist á 18 félagsmiðstöðvum
  - Einu sinni í viku í 5 vikur
- Leikfimi á vegum sjúkraþjálfara
  - Æfingar á 17 félagsmiðstöðvum
  - Einu sinni í viku í 6 vikur
  - 757 þátttakendur
- Hláturnámskeið
  - Þjálfun á 18 félagsmiðstöðvum
  - Einu sinni í viku í 4 vikur
  - 505 þátttakendur



# VERKEFNI Í FÉLAGSSTARFI SUMARIÐ 2020

- Námskeið um aukna vellíðan á tímum COVID
  - 18 námskeið á 17 félagsmiðstöð
  - 339 þátttakendur
- Fyrirlestrar um kvíða og kvíðastjórnun
  - 18 námskeið á 17 félagsmiðstöðvum



# FERÐAÁVÍSUN FYRIR FATLAÐ FÓLK

- Auknir möguleikar fullorðins fatlaðs fólks á því að ferðast innanlands.
- 454 einstaklingar sem búa í húsnæði fyrir fatlað fólk hjá borginni fá 20.000 kr. viðbótarferðaávísun við 5.000 kr. ferðaávísunina sem landsmenn allir fengu.
- Samstarf við Landssamtökin Þroskahjálp
- 20.000.000 styrkur fékkst frá félagsmálaráðuneytinu í verkefnið.
- Verkefnið er í gangi.



# TAKK FYRIR!